



## Hreppsnefnd 29.08.02

Fundur hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 29. ágúst 2002

Fundur haldinn í hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 15. ágúst 2002 kl. 16.00 í Miklagarði. Mættir: Emil Sigurjónsson, Björn Halldórsson, Borghildur Sverrisdóttir, Björn H. Sigurbjörnsson, Steindór Sveinsson, Ólafur Ármannsson og Sigurveig Róbertsdóttir. Jafnframt var mættur sveitarstjórinn Þorsteinn Steinsson.

Fyrir tekið:

1. mál Fundargerð hreppsnefndar frá 15. ágúst sl.

Nokkrar umræður urðu um fundargerðina. Athugasemd kom frá Birni Halldórssyni varðandi bókun á afgreiðslu 9. máls á dagskrá hreppsnefndarfundar frá 15. ágúst sl.

Björn Halldórsson og Steindór Sveinsson lögðu fram svofellda bókun:

“Við undirritaðir mótmætum hluta bókunnar meirihlutans um 9. mál á hreppsnefndarfundi 15/8 2002. Við teljum að bókunin lýsi ekki þeirri umræðu sem um málið varð í sveitarstjórn um að ráða Friðrik Sigurjónsson til verksins. Tillagan var síðan dregin til baka þegar fram kom að hún mundi falla á jöfnu við atkvæðagreiðslu, vegna vanhæfni hluta meirihlutans. Í framhaldi kom fram tillaga Ólafs Ármannssonar sem samþykkt var með 3 atkv. gegn 2.”

Fundargerðin var síðan samþykkt með 5 atkv. gegn 2 atkv.

2. mál. Fundargerð bygginganefndar frá 21. ágúst sl.

Fundargerðin rædd og síðan samþykkt.

3. mál. Fundargerðir samstarfsnefndar SSA og Eypings frá 17. apríl og 16. ágúst sl.

Fundargerðirnar ásamt bréfi til SSA lagðar fram til kynningar.

4. mál. Mótun á nýju sveitarfélagi á Norðursvæði Austurlands bréf dags. 18. júlí sl., frá Héraðsstjórn Héraðssvæðis.

Lagt fram bréf framkvæmdastóra Héraðsstjórnar Héraðssvæðis dags. 18. júlí sl., þar sem óskað er eftir afstöðu þeirra sveitarstjórna, er tóku þátt í svokölluðu “Norðursvæðisverkefni”, til áframhaldandi vinnu við það.

Lögð fram svofelld tillaga:

“Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að taka áfram þátt í verkefninu. Verði að áframhaldi verkefnisins samþykkir hreppsnefnd að oddviti hreppsnefndar og sveitarstjóri verði fulltrúar sveitarfélagsins í stýrihópi verkefnisins. Jafnframt samþykkir hreppsnefnd að skólustjóri Vopnafjarðarskóla verði fulltrúi þess í starfshóp um fræðslu- og félagsmál og slökkviliðsstjóri og sveitarstjóri verði fulltrúar hreppsins í hópi er fjallar um umhverfis-skipulags-o.fl.mál.”

Jafnframt voru lagðar fram greinargerðir og niðurstöður faghópa stýrihóps verkefnisins um framvindu hinna mismunandi verkefna, sem fyrirhugað er að vinna sameiginlega að. Sveitarstjóri skýrði helstu atriði fyrirliiggjandi gagna.

Oddviti bar síðan tillöguna upp og var hún samþykkt með 7 atkv.

5. mál. Erindi Vesturfarans, varðandi fornminjaskráningu  
Erindinu vísað til úrvinnslu við endanlega gerð Aðalskipulags, sem unnið er að í Vopnafirði fyrir árin 2002-2022 og jafnframt samþykkt að flýta skráningunni sem kostur er.

6. mál. Brunavarnir, bréf slökkviliðsstjóra dags. 20. ágúst sl., umsögn.  
Óskað er umsagnar hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps um hvort að slökkviliðsstjóri skuli sitja alla fundi bygginganefndar.  
Oddviti bar upp hvort hreppsnefnd telji ekki sjálfgefið að slökkviliðsstjóri sitji alla fundi bygginganefndar. Samþykkt með 7 atkvæðum.

7. mál. Heilbrigðiseftirlit Austurlands, aðalfundur 18. sept. nk.  
Samþykkt að sveitarsjóri fari með atkvæði Vopnafjarðarhrepps.

8. mál. Tilnefning í stjórn Heilbrigðisstofnunar Austurlands. Tillaga kom fram um Emil Sigurjónsson sem aðalmann og Ólaf Ármannsson sem varamann. Tillagan var samþykkt.

9. mál. Kosning varamanns í fulltrúaráð Héraðsskjalasafns Austfirðinga. Tillaga kom fram um sveitarstjórnann Þorstein Steinsson. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið.